

## Hlautbolli úr heiðnum sið

Written by Strandagaldur

Wednesday, 23 November 2005 09:53

---

Sérkennilegur steinn fannst nálægt gamla bæjarstæðinu í Goðdal í Bjarnarfirði um 1960 þegar verið var að byggja þar sumarhús. Steinninn hvarf síðan um árabíl og birtist aftur sumarið 2002. Steinninn var þá um sumarið afhentur Galdrasýningu á Ströndum til varðveislu.

Steinninn er úr sömu bergtegund og algengur er í berggöngum á svæðinu. Undarlegur svartur litur í skál ofan í steininn vakti athygli og vegna munnmæla um að forn hofrúst væri í Goðdal töldu menn hugsanlegt að um væri að ræða hlautbolla, eins og þeir eru nefndir í fornum heimildum.

Við rannsókn meinafræðings kom í ljós að á botni og börmum skálarinnar er að finna ævafornt blóð og leiddi rannsóknin í ljós að um dýrablóð er að ræða. Ekki hafa fundist aðrir gripir hér á landi sem hægt er að tengja heiðnum blótum með meiri líkum.

Við réttarmeinafræðirannsókn sem notuð er við greiningu blóðs á brotavettvangi var steinninn úðaður með efninu fluorescín og skoðaður með sérstökum ljósgjafa. Í ljós kom að á börmum og botni skálarinnar er blóð.

## Hlautbolli úr heiðnum sið

Written by Strandagaldur

Wednesday, 23 November 2005 09:53

---



Hlautbolli